



Til bæjarráðs,

Kópavogi, 3. mars 2025
2411684/504.03 GEF

Efni: Umsögn. Ósk um endurnýjun samstarfssamnings Kópavogsbæjar og Skógræktarfélags Kópavogs.

Á 3195. fundi bæjarráðs, 21. nóvember 2024, var samþykkt að vísa erindi Skógræktarfélags Kópavogs um endurnýjun samstarfssamnings félagsins við Kópavogsbæ til sviðsstjóra umhverfissviðs.

Í greindu erindi er óskað eftir því að samstarfssamningurinn verði endurnýjaður og að styrkur bæjarfélagsins til Skógræktarfélags Kópavogs verði kr. 20.000.000,- á ári til fimm ára sem hækki árlega sem nemur vísitölu neysluverðs Hagstofunnar.

Hefur verið í gildi samstarfssamningur milli Kópavogsbæjar og Skógræktarfélags Kópavogs frá árinu 2000, sem hefur tekið miklum breytingum í gegnum árin. Væri því tilefni til þess að rýna eldri samning og taka afstöðu til þess hvort að gera eigi breytingar á verkefnum sem hafa heyrt undir samstarf Kópavogsbæjar við Skógræktarfélagið.

Í núverandi samstarfssamningi, sem undirritaður var vorið 2022 og rann út um áramótin 2024/2025, er gert ráð fyrir 14.000.000,- kr. framlagi frá Kópavogsbæ árlega en jafnframt er kveðið á um endurskoðun á fjárhæðinni ár hvert. Í fjárhagsáætlun 2025 er samþykkt 14.546.000 kr. fjárveiting til Skógræktarfélagsins, sem hefur ekki verið verðbætt fyrr en nú.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að gerður verði tímabundin samstarfssamningur við Skógræktarfélag Kópavogs fyrir tímabilið 1. janúar – 31. desember 2025, byggða á sömu forsendum og eldri samningur sem rann út um áramótin. Hins vegar verði samhliða undirritun tímabundins samnings farið í viðræður við Skógræktarfélagið um heildarendurskoðun á samstarfssamningnum og skoðaðar breytingar á verkefnum og fjárframlagi Kópavogsbæjar. Lagt er til að niðurstöður úr viðræðunum liggi fyrir í september 2025, þegar vinna við fjárhagsáætlun ársins 2026 hefst. Þá er lagt til að endurskoðaður samstarfssamningur taki gildi í janúar 2026.

Virðingarfyllt,

Ásthildur Helgadóttir

Sviðsstjóri umhverfissviðs



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

